

Styttist í stjórnarkjör hjá Geðhjálp

## Spennan stigmagnast

**GEÐHJÁLÞ** Spennan vegna væntanlegs stjórnarkjörs í Geðhjálþ stigmagnast. Ekki er vitað betur en Kristófer Þorleifsson geðlæknir verði í framboð til formanns, og hefur hann reyndar staðfest framboð sitt. Meiri óvissa er um hvað Sigursteinn Músson gerir. Hann hefur sagt að hann vilji helst draga framboð sitt til baka, en hefur opnað á þann möguleika að vera í framboð til formanns, að því undangengnu að lögum Geðhjálþar verði breytt á þá lund að starfsmönnum verði ekki heimilt að sitja í stjórn.

Nokkrir þeirra sem Fréttablaðið hefur rætt við telja að finna megi

skýringar á, hvernig komið er innan félagsins, með því að tveir starfsmenn stuðningsþjónustunnar sátu einnig í stjórn Geðhjálþar. Hvernig sem baráttan um formannssætið endar verður Sigursteinn Músson áfram í stjórn, en á aðalfundi fyrir einu ári var hann kjörinn til tveggja ára og hefur gegnt starfi varaformanns í eitt ár. ■

**SIGURSTEINN MÚSSON**

Hann setur skilyrði fyrir sínu framboði

